

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag ferðaþjónustubýlis að Hofgörðum, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 3. febrúar 2009 deiliskipulag ferðaþjónustubýlis að Hofgörðum, Snæfellsbæ.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir viðbyggingu við gistihúsið. Einnig er gert ráð fyrir bensínstöð, sjoppu, starfsmannahúsi, fimm smáhýsum, fjórum stærri húsum, reiðskemmu og geymslu. Gert er ráð fyrir að endurbyggja Hofgarða sem fuglaskoðunarhús.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 7. júlí 2010.*

**Smári Björnsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. júlí 2010